



Alþingi
Erindi nr. P 136/26
komudagur 5.11.2008

Reykjavík, 5.nóvember 2008

Forsætisráðuneytið
Viðt.Ráðuneytisstjóri
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Með bréfi þessu óskar undirrituð, fyrir hönd viðskiptanefndar Alþingis, eftir aðgangi að viljayfirlýsingu milli Íslands og Hollands sem komist hefur á í viðræðum ríkjanna í tengslum við innstæður í útibúum íslensku bankanna í Hollandi.

Beiðni þessi er sett fram á grundvelli 3.gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 en í samræmi við eðli skjalsins er lagt til að það verði lagt fyrir nefndina sem trúnaðargagn og að það njóti þannig ríkari verndar í meðförum þingsins en önnur skjöl.

Eðlilegt og lýðræðislegt verður að teljast að veita viðskiptanefnd Alþingis aðgengi að yfirlýsingu þessari enda ljós þörf þingsins til upplýsinga um málefni sem þetta.

Virðingarfyllst,

Brynhildur Pálmarsdóttir
Brynhildur Pálmarsdóttir, ritari viðskiptanefndar

VIÐSKIPTA NEFND